



## S E L T J A R N A R N E S B Æ R

Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur,  
Borgartúni 12 – 14,  
105 Reykjavík.

Seltjarnarnesi 11. október 2018.

### Efni: Strætó, tenging Vesturbæjar/Seltjarnarness við Grandann í Reykjavík.

Á fundi bæjarstjórnar Seltjarnarness þann 3. október 2018 var mér falið að óska formlega eftir afstöðu Reykjavíkurborgar um samstarf um betri tengingu leiðakerfis Strætó bs milli vesturbæjar Reykjavíkur/ Seltjarnarness við Grandann í Reykjavík.

Ástæðan er reglulegar fyrirspurnir frá íbúum á Seltjarnarnesi og í vesturbæ Reykjavíkur um tengingu á grandann við þá þjónusta sem er á grandanum sem íbúar sækja í. Má þar nefna stórverslanir, banka, veitingastaði og ýmsa aðra þjónustuaðili sem flutt hafa þjónustu sína á grandann en grandi er að verða vinsæll staður fyrir ýmsa þjónustu og ákall um betri tengingu á strætóleiðum samhliða.

Eina tenging stætóleiða við grandann nú er frá miðbæ Reykjavíkur þannig að til að komast út á granda frá vesturhluta borgarinnar og Seltjarnarnesi með strætó þarf að fara niður í miðbæ fyrst og skipta þar.

Ræddar hafa verið mögulegar breytingar á leið 14 og mætti hugsa hana að nýju út frá aukningu á þjónustufyrirtækjum á grandanum og tengja við vesturbæ/Seltjarnarnes/ granda eða hugsanlega breyta á leið 13, sem fer hring í vesturbæ með snertingu við Seltjarnarnes.

Til að taka ákvörðun um þessar breytingar er jafnframt óskað eftir kostnaðaráætlun frá Strætó bs um mögulegar útfærslur á tengingu strætó milli granda/vesturbæjar/Seltjarnarnes.

Kostnaður við breytingar myndi þá skiptast eftir samkomulagi milli Reykjavíkur og Seltjarnarness ef áhugi er fyrir breytingu sem þessari.

Virðingarfyllst,

Fh. Seltjarnarnesbæjar.

Sigrún Edda Jónsdóttir, bæjarfulltrúi.

Samhljóða bréf sent til Strætó bs.